


Þorsteinn Helgason

# Miðaldafólk á ferð



KENNSLULEIÐBEININGAR



# Efnisyfirlit

Til kennara ..... 3



Fólk á ferð á miðöldum ..... 4



Guðríður Þorbjarnardóttir ..... 6



Pílagrímar og krossfarar ..... 8



Silkileiðin og Markó Póló ..... 10



Jón Battúta ..... 13



Sýklar og svartí dauði ..... 17



Jóhanna af Örk ..... 20



Hlauparinn í Jnkaríkinu ..... 23



Hver var þessi Kólumbus? ..... 25



Á skáldaferð um miðaldir ..... 28



# Til kennara

Í aðalnámskrá grunnskóla, sem út kom 2007 og er að mestu samhljóða námskránni frá 1999, er Snorri Sturluson lykilpersóna í sögu í 6. bekk (eða annars staðar á miðstigi). Hann er lykill að íslensku og norrænu samfélagi á miðöldum. Námsefni hefur komið út til að þjóna þessum markmiðum. Auk þessara efnispáttá er gert ráð fyrir því í námskránni að nemendur fái tækifæri til að skyggjast út í víða veröld. Tvö áfangamarkmið í sögu við lok 7. bekkjar eru sérstaklega helguð því hlutverki og er þessari bók ætlað að uppfylla þau.

## Svipmyndir

### Nemandi á að

- hafa kannað valda menningarþætti á ólíkum stöðum í heiminum á miðöldum, einkum dæmi um tengsl milli fjarlæggra menningarheilda.

## Heimsálfur tengjast

### Nemandi á að

- þekkja til landkönnunarferða á miðöldum og ýmissa samfélagsbreytinga sem komu í kjölfar þeirra.

Í þrepamarkmiðum eru settar fram tillögur að efnisatriðum og er sumum þeirra fylgt hér en þó reynt að gera sjálfstæða heild úr efninu. Tímabilið er miðaldir og þráðurinn, sem á að gera efnið samstæðara, eru ferðir. Því er bókin kölluð *Miðaldafólk á ferð*. Hún er líkust lestrarbókeða leshefti að því leyti að hér eru samfelldar frásagnir frá miðöldum og oftast með eina höfuðpersónu í hverjum kafla. Þetta er þó ekki einungis persónusaga þeirra heldur eru samfélag og menning, tíðarandi og stjórnarfar jafnan á dagskrá. Auk þess fylgja spurningar, verkefni, kennsluhugmyndir og ábendingar um ítarefni með hverjum kafla.

## Markmið kennslubókarinnar í heild eru þessi

### Nemandi

- geri sér grein fyrir fjölbreytni mannlífsins í heiminum á miðöldum.
- átti sig á heimsálfunum, fjarlægðum, tengingum og hindrunum fyrir samskiptum.
- sjái að Ísland var dropi í hafi margs konar mannlífs og samfélaga í heiminum.
- hugleiði víxlverkun mannlífs og náttúruafla.
- ígrundi samspil einstaklings og samfélags.
- kunni deili á nokkrum áberandi einstaklingum á miðöldum.
- kunni dæmi um „hnattvæðingu á undan hnattvæðingunni“.
- sjái áhrifamátt og nokkur einkenni stórra hugmyndakerfa og menningarstrauma á miðöldum, einkum kristni og íslams.
- geti borið sína eigin stöðu saman við hlutskipti manna við aðrar aðstæður á öðrum tíma.
- geti tileinkað sér texta kennslubókarinnar með gagnrýnum huga.
- auki orðaforða sinn um almenn og fræðileg málefni.
- temji sér að nota landakort til að glöggva sig á landaskipan, náttúrufari og öðrum aðstæðum.
- geri sér grein fyrir hvaðan fróðleikur um fyrri tíma er kominn.
- skynji að sögulegar aðstæður og atburði má sjá og túlka í mismunandi ljósi eftir tíðaranda og einstaklingum.



Kennurum og nemendum er í sjálfsvald sett hvernig þessi kennslubók er hagnýtt og er hvatt til sjálfstæðis og frumkvæðis í þeim efnum. Hér eru hins vegar settar fram nokkrar tillögur, spurningar, verkefni og ábendingar um ítarefni. Mest af því efni, sem fjallað er um í kennslubókinni, er vel þekkt og því er víða hægt að afla sér viðbótarupplýsinga, mynda, korta, kennsluleiðbeininga og fleira efnis. Mestallur texti á slíku efni er þó á erlendum málum og fæst við barna hæfi en margt dugar kennurum vel, bæði af sagnfræðilegu og kennslufræðilegu tagi.

Tímabil	Efni
Um 500–1500	 Fólki á ferð á miðöldum
Um 1000	 Guðríður Þorbjarnardóttir
1095–1300	 Pílagrímar og krossfarar
2000 f.Kr.–1500 e.Kr.	 Silkileiðin
1254–1324	 Póló – Kínafarar
1265–1321	 Dante (Á skáldaferð um miðaldir)
1325–1354	 Jbn Battúta fer um heiminn
1347–1352	 Sýklar og svartí dauði
1400–1532	 Hlauparinn í Jnkaríkinu
1412–1431	 Jóhanna af Örk
1492	 Hver var þessi Kólumbus?
16. öld	 DonKíkóti (Á skáldaferð um miðaldir)



## Markmið

### Nemandi

- geti látið hugann reika og rifjað upp það sem hann/hún tengir við miðaldir, t.d. í barnabókum og bíómyndum.
- átti sig á mismunandi hugtökum og heitum yfir tímatal og tímabil.
- þekki hugtökin fornöld, miðaldir og nýöld og hugmyndirnar að baki þeim.
- hafi hugmynd um stöðu og tengsl heimsálfanna á miðöldum.
- geri sér grein fyrir takmörkunum sögulegrar frásagnar af löngum tímabilum og stórum svæðum.

## Kennsla

Kaflinn á blaðsíðu 3 er hugsaður sem létt innleiðing í efni bókarinnar með því að varpa fram spurningum um grundvöll hennar, þ.e. tímabilið sem á að fjalla um og þemað sem valið er. Kaflinn Miðaldafólk á ferð er lengri og er að hluta til nánari útlekking á sama efni.

- Gott er að lesa kaflana Miðaldafólk og Fólk á ferð á miðöldum fyrir og/eða með nemendum.
- Sumum kann að þykja snjallt að sýna brot úr bíómynd eða lesa bókarkafla sem kveikju í byrjun.
- Fyrir eða eftir einhverja kynningu á miðöldum má fara í hugstormun um miðaldir: Hvað tengið þið við miðaldir? Ef nemendur hafa lesið/heyrt kaflann Miðaldafólk, blaðið í bókinni og skoðað myndirnar má búast við að atriði á borð við þessi geti komið fram: *kastalar, riddarar, burtreiðar, Ríkharður ljónshjarta, normabrennur, Hrói höttur, krossferðir.* Ekki er víst að nemendur nefni Íslendingasögur eða Snorra Sturluson, sem tilheyra þó miðöldum að tímatali, því um tíma þeirra eru oftast höfð önnur hugtök svo sem Sturlungaöld eða Þjóðveldisöld. Nota má tækifærið til að skýra að miðaldir er yfirhugtak og að innan þess geti önnur heiti einnig tíðkast.

## Spurningar og verkefni

### 1. Hvað er átt við með hugtakinu miðaldir?

Þessu má svara í þrennu lagi:

- Tímabil sem er á milli annarra tímabila.
- Tímabilið um 500–1500 e.Kr.
- Tímabilið milli fornaldar og nýaldar.





2. Hvaða heiti þekkið þið og notið yfir liðinn tíma? Hér getur verið snjallt að byrja með hugstormun og taka síðan að flokka hugtökin, t.d. þessi:

Ónákvæmt	Mitt á milli	Nákvæmt
Fyrir löngu Einu sinni Í gamla daga Sautján hundruð og súrkál Áður fyrr Endur fyrir löngu Í fyrndinni Forðum daga	Á síðustu öld Í fyrra Á miðöldum Í fornöld	Í gær síðustu viku Á fimmtudaginn var Fimmtudaginn 22. jan. 2009 kl. 12:35

3. Hvaða aðferð hafið þið til að muna og skilja hvenær eitthvað gerðist? Við hvað miðið þið?

Hér er líklegt að eigin ævi verði helsta viðmiðunin, t.d.

- Þegar ég var lítil(l).
- Þegar ég var fimm ára.
- Áður en ég fæddist.

Síðan er ekki ólíklegt að nemendur miði við ævi nákominna:

- Þegar mamma var lítil.
- Þegar afi var á sjónum.

Síðan getur tekið við umræða um formlegri viðmiðanir og viðleitni til að setja merkingu, skilning og tilfinningu í þær, svo sem fyrir og eftir stríð, á millistríðsárunum, á 19. öld, á dögum Rómaveldis o.s.frv.

4. Hverjar voru öflugustu miðstöðvarnar á miðöldum?

Spurt verður hvað átt er við með „miðstöð“. Varpið spurningunni til baka og athugið hvort þið fáið skilning á borð við „þar sem valdið er“, „mikilvægir staðir“, „stórveldi“ – og segið þetta allt góð og gild svör. Síðan geta svörin verið:

- Róm sem miðstöð kristinnar í Evrópu.
- Mekka sem helsti helgistaður múslima.
- Mongólaríkið á 13. og 14. öld.
- Tyrkjaveldi í lok miðalda.

## Ítarefni

Upplýsingar um miðaldir, bæði tímabilið í heild og einstaka þætti, er geysiviða að finna og sífellt bætist nýtt við. Á leitarvefjum er hægt að tefla fram leitarorðum á borð við *miðaldir*, *middle ages*, *medieval (times)*, *mittelalderen*, *medeltiden*.

Á íslensku má nefna léttlesinn kafla um evrópskar miðaldir í lestrarbók frá Námsgagnastofnun:

- *Grænkápa*. Lestarbók 3. Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík, Námsgagnastofnun, 1997 (og seinna).





## Markmið

### Nemandi

- sjái skýr dæmi um tengsl Íslendinga við umheiminn snemma í sögu sinni.
- kunni að segja sögu Guðríðar Þorbjarnardóttur í stuttu en samfelldu máli.
- geri sér grein fyrir aðstæðum á þeim tíma sem Guðríður var uppi.
- geti lesið Íslendingasagnatexta sér til gagns.

## Kennsla

Hugsunin með kaflanum er að „byrja heima“, þ.e. að tefla fram íslensku konu sem fór víða, áður en vikið er að öðru efni sem er erlent og fer víða um heim. Margir nemendur hafa kynnst frásögnum af Leifi Eiríkssyni í námsefni sem oftast er notað í 5. bekk og verður að meta í því ljósi hve mikið er fjallað um þetta efni. Aðalheimildirnar um Guðríði og Grænlands- og Vínlandsferðir eru tvær stuttar Íslendingasögur. Hér gæti því verið tækifæri til að lesa þær í heild sinni eða valda hluta ef það hefur ekki verið gert áður. Megináherslan verður þó á Guðríði sjálfa og má t.d. auka innlifun í efnið með leikrænni framsetningu þar sem nóg er af viðburðaríkum og átakamiklum atburðum í lífi hennar. Þá getur verið gott að sækja meira efni í sögurnar sem vísað er á hér, ekki síst lýsingu á lífi og dauða í Lýsufirði.

## Spurningar og verkefni

### 1. Er hægt að segja að Leifur heppni hafi fundið Ameríku?

Varla vegna þess að það var fólk fyrir í Ameríku sem „fann“ hana löngu áður. Hins vegar má segja að Leifur hafi uppgötvað að land var til vestan Grænlands og það hafi verið uppgötvun fyrir norræna menn. Umdeilt er hvort einhverjir fleiri fengu spurnir af uppgötvun Leifs og félaga og hvort t.d. Kólabússur hefði haft slíkar upplýsingar.

### 2. Guðríður var uppi á tímum þegar kristnin var að taka við af gömlu heiðnu trúarbrögðunum á Norðurlöndum. Getið þið fundið merki um a) heiðna hegðun, b) kristna hegðun hjá Guðríði?

- a) Hún streittist á móti því að fara með seiðinn fyrir Þorbjörgu lítillövu og sagðist vera kristin kona. Hún fór í pílagrímsferð til Rómar og gerðist svo einsetunna þegar heim kom.
- b) Hún kunni heiðinn seið og fór með hann af mikilli snilld fyrir Þorbjörgu lítillövu.

### 3. Snorri Þorfinnsson var líklega fyrsti Evrópumaðurinn (hvíti maðurinn) sem fæddist í Ameríku. Er það eitthvað merkilegt?

Það er út af fyrir sig áhugavert ef það verður ekki til að hampa hvítum Evrópumönnum á kostnað frumbyggja Ameríku, sem höfðu búið þar í þúsundir ára þegar norrænir menn komu þangað fyrst.





#### 4. Fór Guðríður til Rómar?

Um það eru tvö orð í Grænlandinga sögu. Þar stendur: „Og er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og **gekk suður** og kom út aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ. Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði.“ Þetta eru ekki miklar heimildir og varla hægt að telja þetta sönnun. En það er ekki afsannað heldur.

#### 5. Fólk hefur flutt til Ameríku í stórum hópum sem mætti líkja við bylgjuhreyfingar. Hverjar eru helstu „bylgjurnar“?

Þetta kemur fram á afmörkuðum reit í kaflanum. Þetta er einungis í upptalningastíl og kennarinn getur fjallað betur og nánar um hvern þátt fyrir sig.

### Ítarefni

Rituðu heimildirnar um Guðríði eru tvær Íslendingasögur. Þær hafa oft komið út á prenti og þær eru einnig í heilu lagi á Netinu á vegum Netútgáfunnar (Snerpu) o.fl.:

- Eiríks saga rauða <http://www.snerpa.is/net/isl/eirik.htm>
- Grænlandinga saga <http://www.snerpa.is/net/isl/graens.htm>  
Einnig á vegum Projek Runeberg: <http://runeberg.org/grenlend>

Stutt umfjöllun er um Guðríði er á vef Námsgagnastofnunar með efni sem fylgir kennslubókinni *Leifur Eiríksson – Á ferð með Leifi heppna*: <http://www.namsgagnastofnun.is/leifur/gudridur.html>

Hjalti Hugason hefur skrifað grein sem er að nokkru leyti stíluð til kennara. Þar er dregin upp mynd af margbrotnu og átakamiklu lífi Guðríðar og mannkostum hennar.

- Hjalti Hugason. „Ást við fyrstu sýn. Mynd Guðríðar Þorbjarnardóttur í Grænlandinga sögu og Eiríks sögu rauða.“ *Greinar af sama meiði*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 1998, bls. 245–355.

Inga Huld Hákonardóttir fjallar um stöðu og hlutskipti konunnar Guðríðar í heimi karla.

- Inga Huld Hákonardóttir. „Guðríður Þorbjarnardóttir. Frá New York til Rómar?“ *Kvennaslóðir*. Reykjavík, Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 60–74.







# Pílagrímar og krossfarar

## Markmið

### Nemandi

- geti lesið kaflann sér að gagni.
- skilji og greini helstu hugtök kaflans, svo sem pílagrímar og krossferðir.
- þekki nokkra staði sem helgi hefur verið á.
- sjái að almenn viðhorf til þjóðfélagsfyrirbæra, svo sem krossferða og þrælahalds, geta breyst í tímans rás.

## Kennsla

Hér eru tvö málefni á dagskrá sem tengjast en ekki má þó blanda saman. Pílagrímar voru (og eru) þeir sem ferðast til helgra staða en krossfarar gengu lengra því þeir börðust til að frelsa og ná á sitt vald ákveðnum stöðum sem þeir álitu sérstaklega heilaga. Krossferðirnar voru þar að auki bundnar við ákveðið tímabil þó að heitið sé stundum notað í yfirfærðri merkingu („krossferð gegn spillingu“ eða annað slíkt).

- Nálgunin í kaflanum er frá hinu nærtæka og þekkta með því að ræða staði sem taldir eru merkir eða einhvers konar helgi er á. Þetta má þrjóna við með því að spyrja fyrst um staði sem nemendur hafa dálæti á. Síðan má varpa því fram hvaða staðir séu þýðingarmiklir fyrir alla Íslendinga (Þingvellir, Gullfoss, Skálholt ...). Þá er tilvalið að víkja að náttúruvernd og húsaveynd. Nefna má minjaskrá UNESCO þar sem bæði eru náttúruminjar og mannvirki og gildir um allan heiminn. (Þingvellir eru á skrá UNESCO.) Frá þessu má stefna að meginefni kaflans, um pílagrímaferðir og krossferðir.
- Einnig er hægt að taka efnið upp í ljósi spurningarinnar um að setja sér markmið, að keppa að einhverju og fórna sér fyrir málstað – sem getur verið göfugt og gott en getur einnig snúist í ofstæki og umburðarleysi.
- Umræða gæti orðið um gildi sem breytast, um það sem þótti gott í gær en vont í dag. Dæmi: Einu sinni þótti þrælahald sjálfsgagt (þó að enginn sæktist eftir því að vera þræll) en nú er það bannað. Einu sinni var barist af trúarástæðum en síðustu aldir hefur það ekki talist réttmætt þó að trúin geti haft áhrif á átök.

## Spurningar og verkefni

1. **Hvað eru pílagrímar?**  
Þeir sem fara gagnert í ferðalag til að vitja um helgan stað sér til sálubótar.
2. **Hvað voru krossferðir?**  
Það voru ferðir sem fólk fór hópum saman á ákveðnu tímabili á miðöldum til „landsins helga“ til að ná því úr höndum múslima.
3. **Hvað var Jerúsalem kölluð í gömlum íslenskum ritum?**  
Jórsalir.





#### 4. Þekkið þið einhverjar pílgrímaferðir nú á dögum?

Að þessu má leita á Netinu. Sem dæmi má nefna að vinsæl pílgrímaleið er til Santiago de Compostela á Spáni. Pílgrímaferðir eru mest tengdar kaþólskum sið en á Íslandi hafa þær tíðkast aftur síðustu árin, t.d. til Skálholts, Hóla og Strandakirkju.

#### 5. Stuttu eftir árásina á tvíburaturnana í New York 11. september árið 2001 flutti forseti Bandaríkjanna ávarp og sagði að nú væru Bandaríkjamenn í „krossferð gegn hryðjuverkum“. Þessi orð vöktu hneykslun og reiði meðal margra múslima. Hvers vegna haldið þið að það hafi verið?

Af því að múslimar fordæma krossferðirnar á miðöldum og margir tengja þær við yfírgang Vesturlandabúa.

## Ítarefni

Til er íslensk heimildamynd fyrir sjónvarp um pílgrímsför (suðurgöngu) Nikulásar Bergssonar ábóta (d. 1159) en hann skrifaði um för sína til Rómar og Jerúsalem.

- *Suðurganga Nikulásar*. Heimildakvikmynd um pílgrímaferðir Íslendinga á miðöldum. Stjórnandi og höfundur Sumarliði R. Ísleifsson. Reykjavík, Seylan, 1999.

Margt er til um efni kaflans og er hentast að nota t.d. þessi leitarorð:

*pílgrímar pílgrímsganga suðurganga krossferðir krossfarar*

*pilgrims pilgrimage crusade hajj*

*pilgrimer pilgrimsvandring korstog korståg*





## Markmið

### Nemandi

- geti útskýrt hreyfingu meginlanda frá Pangeu til núverandi stöðu.
- átti sig á lögun og stöðu meginlandanna (heimsálfanna) og áhrifum þeirra á samskipti manna.
- þekki samgöngumáta á miðöldum á landi og vatni.
- þekki einstök samgöngutæki miðalda, svo sem burðardýr og skip.
- kunni dæmi um varning sem verslað var með um langan veg á miðöldum.
- kunni deili á samgönguleiðinni sem kölluð er silkileiðin.
- geti sagt sögu Markó Póló í stuttu máli.
- geti unnið verkefni úr efni kaflans, ein(n) og/eða í samvinnu við aðra, þ.e. aflað upplýsinga (með meiri eða minni aðstoð), unnið úr þeim og komið efninu á framfæri þannig að verði áhugavert fyrir aðra.

## Kennsla

Hér eru tveir kaflar í nemendabókinni lagðir saman en auðvelt er að taka hvorn í sínu lagi í kennslu. Markó Póló er vel þekktur í mannkynssögunni svo að nafn hans er á flestra vörum. Í öðrum kaflanum er sagt frá honum en í þeim fyrri er hann settur í samhengi mjög langrar sögu jarðar-kringlunnar, heimsálfanna og samgangna. Þess vegna hefst sagan fyrir 200 milljónum ára. Hér er því landafræðin einnig komin til sögunnar.

Þessir tveir kaflar kallast á við næsta á eftir, um Ibn Battúta, og getur kennarinn því valið hvort hann tengir efni þessara þriggja kafla. Hér eftir verður fjallað um kaflana um silkileiðina og Markó Póló sem einn kafla.

Efnið í þessum kafla hentar vel til verkefnavinnu, þ.e. að nemendur kynni sér nánar sumt af því sem er lítillega fjallað um hér. Auðvitað getur kennari flutt þetta í fyrirlestra- og frásagnarformi eða blandað aðferðum. Flestum mun þó henta að sjá til þess að allir hafi lesið kaflann fyrst og skilið innihald hans.

Þessir efnispættir eru settir fram sem tillaga:

Efnispáttur	Greining	Heimildir
Myndun heimsálfanna úr landmassanum sem kallaður hefur verið Pangea.	Kanna hvernig heimsálfurnar „passa saman“ eins og púsluspil. Hvaða lönd eru tengd og hver einangruð?	Víða í alfræðiritum á pappír og neti, t.d. á Vísindavefnum. Helsta leitarorð er <i>pangea</i> (eða <i>pangaea</i> ).
Hvaða líffskilyrði skapa lögun og staða landsvæðanna?	Heimskort skoðað út frá því hvernig land liggur í meginatriðum (eylönd, vogskorin Evrópa, lítt vogskorin Afríka, mikill landmassi Asíu). Vangaveltur um áhrifin á mannlífið.	Landakort, heimskort, hnattlíkan. Atlas barnanna. Veröldin okkar.





Efnispáttur	Greining	Heimildir
Samgöngur a. frá upphafi til þessa dags. b. á fyrri öldum. c. á miðöldum.	Landflutningar – flutningar á vatni. Samgöngutæki og þróun þeirra.	Tengja má fleiri kafla í bókinni við þetta efni þar sem víða er fjallað um samgöngur. Alfræðirit, netmiðlar, t.d. <i>Bridging World History</i> <a href="http://www.learner.org/courses/worldhistory">http://www.learner.org/courses/worldhistory</a> .
Skepnur sem burðardýr og dráttardýr.	Hestar, t.d. á Íslandi og í Mongólaríkinu. Úlfaldar, sbr. kaflann um Ibn Battúta. Asnar. Lamadýr í S-Ameríku. Nautgripir til dráttar.	Kaflar í kennslubókinni. Alfræðirit.
Verslunarvörur á miðöldum.	Evrópumenn sóttust eftir vörum frá Austur-Asíu, t.d. kryddi, silki, postulíni.	Heimildir eru víða, t.d. á Netinu. Dæmi: <i>History of Spices</i> <a href="http://www.emints.org/ethemes/resources/S00001970.shtml">http://www.emints.org/ethemes/resources/S00001970.shtml</a>
Silkileiðin.	Hvað er átt við með þessu heiti?	Dæmi um viðamikinn vef með áherslu á listmiðlun: <i>The Silk Road Project</i> <a href="http://www.silkroadproject.org">http://www.silkroadproject.org</a> Atlas barnanna. Veröldin okkar.
Markó Póló.	Æviferill, ferðir, ferðasagan.	Stöðugt er verið að gefa út rit um Markó Póló (Marco Polo), þar á meðal á íslensku. Upplýsingar á <a href="http://gegnir.is">http://gegnir.is</a> Á neti er einnig margt að hafa.

Fyrir kaflann allan má hugsa sér þessi markmið sem síðan má velja úr, bæta við og breyta:

## Spurningar og verkefni

### 1. Hvað er Pangea?

Heitið sem notað er um þurrlandi jarðar sem hafði verið samhangandi meginland þangað til það tók að gliðna sundur fyrir um 200 milljónum ára.

### 2. Hvað er Evrasía?

Evrópa og Asía – þar sem þau mynda eitt meginland.



### 3. Fjallið um ferðalög og flutninga á vatni og á landi á miðöldum.

Pungaflutningar eru að jafnaði hagkvæmastir á fljótum, skurðum og öðrum vatnaleiðum fyrir daga járnbrautanna. Milli sumra landa verður ekki komist nema siglandi. Opið haf gat verið erfitt yfirferðar eða ófært fyrir miðaldaskip en þó opnuðust nýjar leiðir og þéttist umferð á öðrum. Ferðir og flutningar á landi voru með ýmsu móti eins og fram kemur í þessum kafla og fleiri.

### 4. Hvert var það lengsta sem þessir sigldu á miðöldum?

- Norrænir menn. Til Grænlands og Norður-Ameríku, einnig um Miðjarðarhafið.
- Kínverjar. Til austurstrandar Afríku.

### 5. Hvað er silkileiðin?

Verslunarleiðir milli Evrópu og Austur-Asíu í fornöld og á miðöldum. Oftast er átt við landleiðirnar.

### 6. Er silkileiðin réttnefni?

Nafnið silkileið var fundið upp á seinni öldum. Margt fleira en silki var flutt þessa leið en silkið er notað sem tákn um verslunarvörur og nýjungar sem fóru þessa leið.

### 7. Hvað fór fleira um silkileiðina en silki?

Aðrar verslunarvörur, kunnátta, þekking og hugmyndir. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum og víðar.



# Ibn Battúta fer um heiminn



## Markmið

### Nemendur

- kunni deili á ferðalangnum Ibn Battúta.
- geri sér grein fyrir þeim menningarheimi sem Ibn Battúta er fulltrúi fyrir.
- geti endursagt ákveðin atriði kaflans og rætt inntakið á gagnrýninn hátt.
- geti notað landakort og tengt þau við efni kaflans.

## Kennsla

Hinn vestræni menningarheimur á marga landkönnuði og ferðalanga á miðöldum sem nafnkunnir eru, svo sem Kólumbus, Leif heppna og Markó Póló. Á vissan hátt slær þó enginn við Arabanum Ibn Battúta sem ferðaðist þrisvar sinnum lengri vegalengd en Markó Póló og sagði sögu sína sem enn er varðveitt. Hún er löng og mikil, um eitt þúsund blaðsíður í enskri útgáfu, og því er erfitt að gefa rétta mynd af henni því hún er drekkhlaðin af upplýsingum um þau lönd og það fólk sem ferðalangurinn kynntist. Hún segir líka margt um höfundinn, eins og allar ferðabækur, og hann er óspar á skoðanir sínar og viðhorf.

- Kaflinn er langur og nokkuð strembinn aflestrar og þess vegna er mælt með því að kennarinn lesi textann með nemendum eftir þeim aðferðum sem best gefast.
- Lykill að skilningi á kaflanum er að nota landakort og má segja að hér sé gott tilefni til að samþætta landafræði við söguna.
- Kennarinn verður að meta hve mikið hann vill tengja frásögnina við nútímann, þ.e. hvernig aðstæður eru nú á þeim stöðum sem Ibn Battúta segir frá.
- Í spurningunum og verkefnum hér á eftir eru fólgnar ýmsar ábendingar um kennslu.
- Námsmátið þarf að endurspeglar það sem lögð er áhersla á í kennslunni, t.d. ef nemendur endursegja og útskýra ferðir Ibn Battúta með landakorta- og myndasýningum fyrir bekkinn/hópinn. Í því tilviki getur jafningjamat með leiðsögn átt heima auk hefðbundnari aðferða.

## Spurningar og verkefni

- 1. Hver var tilgangur ferðarinnar þegar Ibn Battúta lagði fyrst af stað?**  
Að fara í pílgrímsferð til Mekka.
- 2. Hvaðan lagði hópur pílgrímanna af stað í ferðina til Mekka?**  
Frá Damaskus.
- 3. Keisarin í Konstantínópel spurði Ibn Battúta um ferðir hans. Á hvaða stöðum hafði hann mestan áhuga?**  
Keisarin var kristinn og hafði áhuga á sögustöðum kristinnar eins og Jerúsalem og Betlehem en einnig merkurum arabískum stöðum.
- 4. Af hverju gerðist Ibn Battúta mikill trúmaður og meinlætamaður eftir langa dvöl í Delí?**  
Til þess að sleppa undan harðstjóranum sem hann þjónaði. Hann myndi líkega síður ráðast að miklum trúmanni.



5. Af hverju fór Ibn Battúta til Kína?

Soldáninn af Delí fól honum að fara þangað sem opinber erindreki.

6. Ibn Battúta kom í ríki og veldi sem voru á mismunandi skeiði. Hér er nokkrum þeirra lýst. Merkið við þann stað sem hver lýsing á við.

Lýsing	Kína	Litla- Asía	Bagdad	Spánn	Konstant- ínópel
Mongólar höfðu rústað gamalli höfuðborg islams.			X		
Tyrkir voru að styrkja stöðu sína en deildu landi með kristnum mönnum og gyðingum.		X			
Glæsilegt kristið borgríki sem þrengt var að úr öllum áttum.					X
Islamskt svæði sem minnkaði óðum og féll í hendur kristinna manna tæplega 150 árum seinna.				X	
Gamalt og gróið veldi þar sem gerðar eru ýmsar uppfinningar og tækninýjungar.	X				

7. Hvað eiga flugstöðin í Keflavík og Tangier í Marokkó sameiginlegt?

Flugstöðin í Keflavík heitir eftir Leifi Eiríkssyni. Flugstöðin í Tangier er kennd við Ibn Battúta. Nafn hennar finnst á Netinu með því t.d. að setja inn leitarorðin airport Tangier. Báðar flugstöðvarnar eru kallaðar eftir víðförnum mönnum sem fóru heimsálfa á milli á fyrri öldum.

8. Stattu við stórt landakort og sýndu hvaða leiðir Ibn Battúta fór. Nefndu og sýndu nokkra þekktu staði á leiðinni.

Þetta má gera á venjulegu landakorti eða á sérútbúnu korti sem sýnir ferðaleiðir Ibn Battúta. Slíkt kort má finna á Netinu eða í bókum.

9. Skriðu póstkort eða tölvupóst eins og þú værir Ibn Battúta. Stílaðu á foreldra hans eða vini í Marokkó. Þú ákveður staðinn sem hann skrifar frá.

Kennari verður að meta hve miklar kröfur hann gerir um nákvæmni og heimildir eða leyfir nemendum að leika sér á einhvern hátt með tímaskekkjur.

10. Vertu Ibn Battúta og segðu bekknum/hópnum frá einum hluta ferðarinnar. Þú getur líka sýnt myndir með frásögninni. Þú getur skoðað meira efni en stendur í kennslubókinni, þar á meðal myndir.

Þetta má útfæra á mismunandi vegu, allt frá lestri á frásögn til leikþáttar með fleiri þáttakendum.



**11. Skiptið á milli ykkar nokkrum stöðum sem Ibn Battúta heimsótti og haldið svo fyrirlestur um þá. Þessi atriði þurfa að koma fram:**

- Hvernig var staðurinn á tímum Ibn Battúta? Hverjir stjórnðu?
- Hvernig lítur staðurinn út núna? Hvað hefur gerst þar í stórum dráttum síðan Ibn Battúta var þarna á ferð?

Staðir	
a) Tangier (fæðingar- og brottfararstaður Ibn Battúta í Marokkó).	i) Kilva (Kilwa).
b) Túnis.	j) Konstantínópel í Býsansríkinu (heitir nú Istanbul).
c) Jerúsalem (með Klettamoskunni, Dome of the Rock).	k) Delí (Delhi).
d) Damaskus.	l) Maldíveyjar (Maldives, Maldiv Islands).
e) Mekka (Mecca).	m) Gasa (Gaza).
f) Bagdad.	n) Granada.
g) Aden.	o) Malí (miðaldaríkið Malí var á öðrum stað en nútímaríkið Malí).
h) Kalat (Kalhat, Qalhat, Calatu).	

Kennarinn getur sett nákvæmari kröfur og leiðbeiningar. Framsetningin getur verið í formi fyrirlesturs, glærusýningar, korta- og textagerðar eða með öðrum hætti.

**12. Verkefni fyrir nokkra nemendur eða allan hópinn/bekkinn. Búið til myndasögu um ferðir Ibn Battúta. Þið getið sótt hugmyndir í myndirnar í kennslubókinni.**

**13. Verkefni fyrir tvo. Annað ykkar er Ibn Battúta, hitt er fréttamaður sem spyr tíðinda.**

Þetta má gera eftir kennsluhugmyndum um „tímavél“. Þá fer nútímafréttamaður aftur í tímann, með öll sín viðmið, takmörkuðu þekkingu og viðhorf, og spyr fyrri tíðar mann spurninga. Fleiri geta tekið þátt í að undirbúa spurningarnar og svörin.

**14. Segðu (eða skrifaðu) hvaða viðhorf Ibn Battúta hafði til kvenna.**

- Hann hafði mikinn áhuga á konum, talaði um fegurð þeirra og yndi.
- Hann giftist nokkrum sinnum á leiðinni, átti hjákonur (oft ambáttir sem hann keypti), yfirgaf oftast konurnar og hélt ferðinni áfram.
- Hann hneykslaðist á því að konur umgengjust og spjölluðu við ókunna karlmenn.
- Honum blöskraði að sjá fáklæddar konur á almannafæri.

**15. Hvernig gat Ibn Battúta ferðast um heiminn í 25 ár án þess að vera með ferðafé heiman frá sér?**

- Hann fór nokkrum sinnum til Mekka og þá taldist hann vera píligrímur og múslimum var skylt að hjálpa honum.
- Hann vann stundum fyrir sér sem dómari.
- Hann varð smám saman eftirsóttur vegna þess hve mikið hann hafði séð af heiminum og gat sagt frá mörgu.







**16. Hvaða hættum og erfiðleikum mætti Ibn Battúta á ferðum sínum? Hvaða vandkvæði væri líklega um að ræða nú á dögum?**

Að fyrri atriðinu er leitað í texta kaflans. Síðari hlutinn er meira álitamál en hér eru settar fram hugmyndir.

Ibn Battúta á 14. öld	Á 21. öld
<ul style="list-style-type: none"><li>• Heimprá og söknuður (í Túnis).</li><li>• Hiti og þurrkur.</li><li>• Að villast (í eyðimörk).</li><li>• Kuldi (í Mið-Asíu).</li><li>• Sjávarháski.</li><li>• Grimmur húsbóndi (í Delí).</li><li>• Ræningjar.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Heimprá og söknuður.</li><li>• Ófriður.</li><li>• Landamæri (leyfi).</li><li>• Slys.</li><li>• Þjófnaður.</li><li>• Erfiðar samgöngur.</li><li>• Kostnaður.</li></ul>

**17. Hvaða atriði í kaflanum um Ibn Battúta snerta efni annarra kafla?**

**Margt skarast við aðra kafla en hér eru nokkur áberandi atriði:**

- a. Svartidauði
- b. Pílagrímaferðir
- c. Markó Póló
- d. Islam

## Ítarefni

*The Travels of Ibn Battūta A.D. 1325–1354.* Translated with revisions and notes from the Arabic text edited by C. Defrémery and B.R. Sanguinetti by H.A.R. Gibb. Vol. 1–V. Cambridge: (Published for) the Hakluyt Society (at the University Press), 1958/1962//1971/1994/2000.

Árið 1979 gaf Fjölvaútgáfan út teiknimyndasögu í flokknum *Fræknir landkönnuðir* sem fjallar bæði um Markó Póló og Ibn Battúta: Jacques Bastian (texti) og José Bielsa (teikningar). „Ibn Battúta. Heimshornaflakkarinn mikli.“ *Fræknir landkönnuðir. Markó Póló, Ibn Battúta.* Reykjavík: Fjölvaútgáfan, 1979.

Á Netinu er mikið efni til um Ibn Battúta. Dæmi um efni sem beinlínis er hugsað til kennslu er frá kennaranum Nick Bartel í San Francisco í Bandaríkjunum sem hann setti á vefinn árið 1999 og kallar *The Travels of Ibn Battuta – A Virtual Tour with the 14th Century Traveler.* [http://www.sfusd.k12.ca.us/schwww/sch618/Ibn\\_Battuta/Ibn\\_Battuta\\_Rihla.html](http://www.sfusd.k12.ca.us/schwww/sch618/Ibn_Battuta/Ibn_Battuta_Rihla.html)

Fjölmarginn er til og auðvelt er að finna það með því að slá inn leitarorðum með nafni Ibn Battúta og síðan eitthvað eftir þörfum, t.d. *lesson plans*.

Í janúar 2009 var frumsýnd 40 mínútna risabreiðtjaldskvikmynd (IMAX) sem heitir *Journey to Mecca: In the Footsteps of Ibn Battuta*. Hún er blanda af heimildamynd og leikinni mynd (docudrama). Brot úr henni er hægt að sjá á Netinu. Upplýsingar eru m.a. á <http://www.journeytomeccagiantscreen.com>





## Markmið

### Nemandi

- geti tímasett og staðsett útbreiðslu farsóttarinnar sem nefnd hefur verið svartidauði.
- tengi pláguna miklu á Íslandi og svartadauða í Evrópu, Asíu og Afríku.
- þekki helstu álitafnir sem uppi eru um svartadauða.
- geri sér grein fyrir ógninni og óttanum sem heimsfarsóttir vekja og viðbrögðum við þeim.

## Kennsla

Hér er óhugnanlegt efni á dagskrá sem engu að síður er rétt að fjalla um þar sem það er alþekkt og bæði víða og oft vitnað til þess. Rétt er gæta hófs í umfjölluninni til að valda ekki ótta, ekki síst þegar vikið er að farsóttum, sem enn geta komið upp, og er þá helst talað um skæða inflúensu.

### Álitafnir um svartadauða eru mörg en þessi eru helst:

- Hvers konar veiki svartidauði (plágan mikla) var. Vikið er að þessu í kaflanum. Nýjar röksemdir og rannsóknir koma stöðugt fram um þetta mál og er rétt að slá engu föstu en vera opin fyrir nýjum upplýsingum.
- Hvort sú plága, sem kom til Íslands 1402, hafi verið sú sama sem við köllum svartadauða og gekk annars staðar í Evrópu hálfri öld fyrr.
- Hve margir féllu í svartadauða. Hlutfallstölur eru ágiskanir út frá misjöfnum forsendum og takmörkuðum upplýsingum.

- Líklegt er að nemendur hafi fyrir fram áhuga á viðfangsefninu. Ógn sem steðjar að stórum hópi, jafnvel öllu mannkyni, hlýtur alltaf að vekja óttablandinn áhuga og sennilegt er að nemendur geti sagt frá bíómyndum og sögum þar sem slíku er lýst, t.d. sem árás og sýkingu frá öðrum hnöttum. Þessum áhuga er hægt að beina inn á álitafnir (sjá að ofan) og benda m.a. á að margar fræðigreinar geti lagt hér lið, ekki aðeins sagnfræði heldur líka líffræði, lýðfræði (dánartölurnar), landafræði o.fl. Líka er hægt að benda á að lækna og faraldursfræðingar hafa áhuga á að vita sem mest um svartadauða til að vera betur undirbúnir undir farsóttir sem geta ógnað heimsbyggðinni. Spænska veikin 1918 hefur þó verið enn meira rannsökuð í þessu skyni enda meira vitað um hana. Hún var inflúensufaraldur af sérstöku tagi.
- Einhverjum gæti hentað að sýna nemendum málverkið Sigurför dauðans (e. Triumph of death), eftir flæmska málarann Jan Brueghel, sem víða er hægt að sjá á Netinu. Myndin er að vísu máluð tveim öldum eftir að svartidauði gekk en tekur mið af plágum og stríðum miðalda.
- Á Netinu er einnig hægt að finna landakort sem sýna útbreiðslu sjúkdómsins með tíma-setningum.
- Mikilvægt er að nemendur geti lesið kaflann. Þar er talsvert af sérstöku hugtökum og orðalagi sem snertir efni hans og er sjálfsgagt að útskýra slíkt, án þess að það verði að stagli því að heildarinnihaldið er aðalatriði.





## Spurningar og verkefni

**1. Hvar var svartidauði upprunninn?**

Austur í Asíu.

**2. Hvaða leið fór hann til Evrópu?**

Líklega eftir silkileiðinni að Svartahafi og með kaupmönnum (einkum ítölskum) þaðan. Fleiri leiðir koma til greina.

**3. Af hverju er því ekki lýst í kaflanum hvernig svartidauði barst um Ameríku og Ástralíu?**

Af því að engin tengsl voru þá við þessar heimsálfur.

**4. Af hverju er svartidauði svo þekktur, af hverju er svo mikið fjallað um hann?**

Af því að hann er mesta farsótt sem vitað er um að hafi gengið í heiminum. Fleiri skýringar og ástæður má tilgreina.

**5. Smitaðist svartidauði með rottum?**

Um það stendur deila. Sjá undirkaflann „Margar spurningar“.

**6. Hvernig stóð á því að sums staðar var gyðingum kennt um svartadauða?**

Andúð á gyðingum var útbreidd. Þegar hörmungar dýnja yfir leita margir að sökudólgi, einhverjum til að kenna um, og þá er ekki ólíklegt að þeir sem þegar eru tortryggðir verði fyrir ásökunum og árásum.

**7. Skoðið myndir af svartadauða, bæði frá þeim tíma sem atburðirnir gerðust og frá seinni tímum. Flokkið myndirnar eftir því hvernig plágan er túlkuð.**

Hér geta nemendur og kennari búið til eigin flokkunarleiðir. Þar kemur t.d. til athugunar að nokkur minni ganga stöðugt aftur, svo sem hauskúpur og beinagrindur, maðurinn með ljáinn, líkkistur. Aðrar myndir sýna meira af aðstæðum á hverjum stað og tíma, eru raunsæri.

**8. Mörgum skæðum sjúkdómum hefur verið útrýmt eða haldið í skefjum. Hvaða farsóttir er enn verið að glíma við?**

Ýmislegt má nefna, t.d. berkla sem enn herja sums staðar í heiminum, ýmsar gerðir influensu sem einna mest hætta stafar af, alnæmi sem heggur stór skörð í sumum Afríkulöndum.





## Ítarefni

Nóg er af ítarefni á Netinu, þar á meðal myndefni (sbr. spurningu 7).

Þjóðsögur eru til um svartadauða á Íslandi og eru þær sennilega flestar láttnar gerast á tímum hans þó að þær eigi sér frekar stoð í móðuharðindunum eftir Skaftárelda 1783. Þar má nefna söguna Galdramennirnir í Vestmannaeyjum sem Magnús Grímsson skráði „eftir sögn skólapilta að austan 1845” og birt er í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*. Hana er hægt að lesa á Netinu á nokkrum stöðum.

Um þjóðsögur um svartadauða má lesa í ritgerð:

- Gunnell, Terry. „Galdramenn, gufa og útigangsbörn; alþjóðlegar flökkusagnir um svartadauða á Íslandi.” *Rannsóknir í félagsvísindum III*. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2000, bls. 395–407.

Um pláguna miklu (svartadauða) á Íslandi voru nokkur fræðileg skoðanaskipti í tímaritum 1994–97. Upplýsingar er að hafa á leitarvefnum Gegni <http://gegnir.is>

Mikið hefur verið rætt hvort svartidauði hafi verið sama farsótt og kýlapestin sem gekk á Indlandi fyrir rúmum hundrað árum, eins og fastlega hefur verið gert ráð fyrir síðustu áratugi. Margir draga þetta nú í efa. Dæmi um fræðirit með þá skoðun er þetta (en margar fleiri heimildir má finna):

James W. Wood, Rebecca J. Ferrell, Sharon N. Dewitte-Avina. „The Temporal Dynamics of the Fourteenth-Century Black Death: New Evidence from English Ecclesiastical Records.” *Human Biology*. Detroit, ág. 2003. 75. árg., 4. tbl., bls. 427–448.





## Markmið

### Nemandi

- þekki meginatriðin í lífsferli Jóhönnu af Örk.
- greini áhrifaþætti á borð við trúarsannfæringu, eldmóð, hollustu og stjórnkænsku.
- átti sig á að persónur fyrri tíma má sjá í mismunandi ljósi eftir tíðaranda hverju sinni.

## Kennsla

Það virðist nokkuð sjálfgefið að rétt sé að fjalla um Jóhönnu af Örk í kennslubók um miðaldir þar sem hún er ein af þekktustu og jafnframt óvenjulegustu persónum mannkynssögunnar. Margt er sérstakt og merkilegt við hana. Í fyrsta lagi er hún ein af fáum kvenleiðtogum fyrri alda; í öðru lagi var ferill hennar stuttur og lauk fyrir tvítugt; í þriðja lagi er sannfæringarkraftur hennar mönnum ráðgáta og í fjórða lagi hefur ímynd hennar verið mótuð á mismunandi hátt þó að heimildir um hana séu óvenju miklar. Í kaflanum er bæði reynt að varpa ljósi á persónuna sem hefur heillað fólk um aldir og að gefa mynd af því þjóðfélagslega samhengi sem hún lifði í. Jafnframt er varpað ljósi á þá ímynd sem Jóhanna hefur fengið gegnum tíðina, allt frá frumheimildum um tilvist hennar til bíómynda sem gerðar hafa verið um ævi hennar.

## Spurningar og verkefni

### 1. Hvaða heimildir eru til um Jóhönnu af Örk og hve traustar eru þær?

Aðalheimildirnar eru réttarskjöl úr yfirheyrslum yfir Jóhönnu sem óvinir hennar héldu. Eftir dauða hennar héldu vinveittir aðilar aftur réttarhöld og kölluðu til fjölmarga sem höfðu þekkt hana. Réttarskjölin eru auðvitað lituð af aðstæðum en eru miklar og marktækar heimildir um hana engu að síður.

### 2. Af hverju haldið þið að svona mikið sé fjallað um Jóhönnu af Örk og að enn sé verið að ræða um hana?

Hún var óvenjuleg og aðdáunarverð fyrir marga: fyrirmynd fyrir ungar konur, frelsishetja fyrir Frakka, þjáningasystir almúgans.

### 3. Í tilsvörunum, sem dæmi eru gefin af í kaflanum, má segja að Jóhanna svari ekki spurningunum eins og spyrjandinn ætlaðist til, t.d. ekki með já eða nei. Eruð þið sammála þessu?

Hún forðast að láta króa sig af í einföldum svörum og snýr vörn í sókn.

### 4. Að hvaða leyti var Jóhanna óvenjulegur herforingi?

- a. Hún var kona. Þetta var mjög óvenjulegt en þó ekki óþekkt á miðöldum.
- b. Hún var ekki vopnuð sjálf.
- c. Hún bætti siðferði hermanna og setti þeim strangar reglur.





5. Finnið myndir sem gerðar hafa verið af Jóhönnu af Örk (Jeanne d'Arc, Joan of Arc). Skoðið þær og finnið út á hvað er lögð áhersla, t.d. að Jóhanna er sýnd sem ...

- (saklaus) sveitastúlka
- djárfur herforingi
- guðlega innblásin
- kvenfrelsishetja
- ímynd Frakklands
- venjuleg stelpa / ung kona
- fleira en eitt af þessu
- eitthvað annað

6. Hvað voru enskir hermenn að vilja í Frakklandi á 14. öld?

Hér getur komið mislög skýring á stjórnskipulagi og deilum tímans, þar á meðal á hundrað ára stríðinu.

## Spurt og svarað um Jóhönnu af Örk

Hér eru spurningar og svör sem eru öðruvísi en þau fyrri að því leyti að í svörunum koma fram nýjar upplýsingar sem ekki eru í kaflanum. Kennari getur notað þetta eins og best hentar, t.d. með því að láta það í hendur á nemendum sem lengra eru komnir og skortir verkefni.

### Var Jóhanna hörkutól?

Já, hún var hörð af sér, en hana langaði líka stundum heim í þorpið sitt og að vera laus við það erfiða hlutverk að „frelsa Frakkland“. Hún grét líka oft þegar illa gekk. Á þessum tíma þótti engin skömm að gráta og margir grétu með henni. Í réttarhöldunum missti hún móðinn einu sinni og skrifaði undir skjal þar sem hún sagðist hafa skrökvað því að hún hefði heyrt raddir frá Guði. Stuttu seinna dró hún þessa játningu til baka og sagðist hafa skrifað undir þetta til að bjarga lífinu. Þetta væri hins vegar ekki satt og nú vildi hún frekar deyja.

### Var Jóhanna barn síns tíma?

Já, eins og allir menn á öllum tímum! Á þessum tíma sögðust sumir heyra raddir Guðs og engla og stundum var því trúað. Konur leiddu stundum heri þó að það væri sjaldgæft. En Jóhanna af Örk var sérstök, ekki síst af því að hún kom úr fátækri bændaþölskyldu.

### Var Jóhanna ómenntuð?

Hún gekk aldrei í skóla en hún var fróðleiksfús, var mikið í kirkjum og fræddist þar og hún hafði vakandi athygli. Hún kunni ekki að lesa eða skrifa en hún lét aðra skrifa bréf fyrir sig og sagði hvað ætti að standa í þeim.





## Eru sögurnar um mærina frá Orléans ekki ýktar og ótrúlegar?

Jú, ótrúlegar sögur hafa verið sagðar af henni en samt eru meiri heimildir til um hana en flest fólk frá svona gömlum tíma. Það er aðallega út af réttarhöldunum sem voru haldin yfir henni af því að skrifarar skráðu það sem fram fór, það sem Jóhanna var spurð um og svörin sem hún gaf. Tuttugu árum seinna var málið rannsakað aftur. Þá var það vinaliðið sem rannsakaði. Fjöldamargir voru yfirheyrðir og spurðir um ævi Jóhönnu og allt var skráð og skrifað. Þess vegna eru miklar upplýsingar til, bæði frá vinum og óvinum.

## Ítarefni

Urmull er af efni um Jóhönnu af Örk á Netinu en hér skal aðeins bent á örfáa vefi.

- Sagnfræðingur og áhugamaður um efnið hefur safnað saman frumskjölum um Jóhönnu ásamt ýmsu öðru og komið í enska þýðingu: *The Joan of Arc Archive* <http://archive.joan-of-arc.org>
- Joan of Arc Museum, Rouen <http://www.jeanne-darc.com>





## Markmið

### Nemandi

- geti staðsett Inkaríkið í tíma og rúmi.
- þekki styrk og veikleika Inkaríkisins.
- geti tjáð sig um Inkaríkið munnlega, skriflega og/eða með mynd.
- hafi tilfinningu fyrir sjónheimi og vistheimi Inkaríkisins eins og þetta birtist í myndum og frásögnum.

## Kennsla

Inkaríkið í Suður-Ameríku ber með sér einhvern dularfullan ljóma sem alltaf vekur athygli og aðdáun. Engin ástæða er til að eyða þessum ljóma heldur þvert á móti að nýta hann og upplýsa frekar um þetta samfélag og varpa fleiri ljósum á það. Einn þáttur í því er að draga fram að heildstæð stór ríki voru ekki algengt þjóðskipulag í Ameríku á fyrri öldum en þekktist þó. Fleiri gerðir voru algengari, einkum ættflokaskipulag af ýmsu tagi.

Orðanotkun er ákveðið vandamál í þessum fræðum. Orðið „indíáni“ er gamall misskilningur og vísar til þess að fólk sé talið til Indíalanda. Í Norður-Ameríku, einkum í Kanada, hefur verið talað um „first nations“ þó að indíánahugtakið sé ekki úr sögunni. Stundum er hugtakið frumbyggjar notað. „Inkar“ er ekki alveg kórrétt orð yfir íbúa Inkaríkis þar sem inka var embættisheiti keisarans. Í ríkinu voru margir þjóðflokkar og mörg tungumál.

Eins og landakort eru lyklatríði í sumum öðrum köflum er áhugaverðast og gagnlegast að skoða myndir sem snerta efni þessa kafla, ekki síst ljósmyndir af mannvirkjum frá tímum Inkanna, sömuleiðis teikningar úr bók frá 1615 (sjá ítarefni). Allt þetta efni er á Netinu. Nemendur geta síðan gert eigin myndir eftir þessum fyrirmyndum til að átta sig betur á eiginleikum þessa samfélags og menningar.

## Spurningar og verkefni

### 1. Til hvers var hnútalettrið (kípú, quipu) notað?

Vitað er að það gaf tölulegar upplýsingar en hvað annað er ekki vitað enn þar sem ekki hefur tekist að ráða lettrið.

### 2. Vitið þið um önnur lönd á miðöldum þar sem boðhlaup með skilaboð tíðkaðist?

Í þessari bók er sagt frá slíku í Kína (í kaflanum um silkileiðina) og á Indlandi (í kaflanum um Ibn Battúta).

### 3. Hvað þykir ykkur merkilegast við Inkaríkið?

Hér verða nemendur að ráða en þurfa að koma með haldgóð rök. Líklegt er að byggingarnar verði nefndar, sömuleiðis boðkerfið og sitthvað fleira.







#### 4. Hvers vegna féll Inkaríkið?

Þetta er spurning af því tagi sem ekki verður svarað svo óbyggjandi sé. Þau atriði sem talin hafa verið eru m.a.:

- Átök voru í landinu milli ráðandi aflu.
- Spánverjum tókst að ná inkanum (keisaranum) á sitt vald (með svikum og prettum).
- Stjórn ríkisins var svo mikið í höndum inkans að stjórnkerfið virkaði illa þegar hans naut ekki lengur við.
- Spánverjar höfðu hesta og skotvopn sem óþekkt voru meðal heimamanna.
- Spánverjar báru með sér sjúkdóma sem heimamenn höfðu ekkert ónæmi fyrir.
- Flest af þessum svörum varðar það sem gerðist fljótlega eftir að Spánverjar birtust. Síðan geta vaknað fleiri spurningar eins og: Hlaut Inkaríkið ekki að falla fyrir eða síðar eftir að Evrópumenn voru komnir til Ameríku?

### Ítarefni

Nóg er til af efni um Inkaríkið þó að ekki sé það allt við barna hæfi. Leitarorðið sem víðast dugar er *inca*.

Á Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn er varðveitt eina eintakið sem til er af mikill bók um Inkaríkið, *El primer nueva corónica y buen gobierno* eftir Felipe Guaman Poma de Ayala, sem dagsett er 1615–16 og er mikið myndskreytt. Hún er oft og víða notuð sem heimild um Inkana. Bókin hefur öll verið látin á vef safnsins: *The Guaman Poma Website* <http://www.kb.dk/permalink/2006/poma/info/en/frontpage.htm>



# Hver var þessi Kólumbus?



## Markmið

### Nemandi

- þekki nokkur grunnatriði um Kristófer Kólumbus og samtíð hans.
- geri sér grein fyrir að frásagnir um liðna atburði geta verið mjög ólíkar vegna ólíkra sjónarhorn og heimilda.
- geti greint sjónarhorn í sögulegri frásögn.
- öðlist æfingu í að meta rök og orðalag í sögulegri frásögn.
- geti tekið saman sögulega frásögn þar sem eigið sjónarhorn kemur fram á meðvitaðan hátt, án þess að vísitandi sé farið með rangt mál.

## Kennsla

Í þessum kafla er fjallað um mann sem er víðfrægur og oft vitnað til af þeim ástæðum að hann opnaði samband milli „gamla heimsins“ í Evrópu og Asíu og „nýja heimsins“ í Ameríku með afleiðingum sem áttu eftir að setja mark sitt á allan heiminn með afdrífuríkum hætti. Hann varð í leiðinni táknmynd fyrir forystu og yfirráð Evrópu og síðar hins vestræna heims sem standa enn að mörgu leyti. Hann hefur því orðið mjög umdeildur í sögunni. Árið 1992, þegar fimm hundruð ár voru frá vestursiglingu hans, kom í ljós að hann var jafnvel enn umdeildari en flesta grunaði.

Í þessum kafla er þess freistað að sýna Kólumbus í mismunandi ljósi. Þess vegna er saga hans sögð í þrem stuttum og ólíkum sögum. Lýsingarnar, röksemdirnar og matið eru sótt í greinar og rit sem birst hafa um Kólumbus gegnum tíðina og reynt er að virða hvert sjónarmið í hverjum hluta. Í leiðinni er verið að benda á að allar sögulegar frásagnir bera merki um eitthvert sjónarhorn, sá sem skrifar dregur fram þá þætti sem honum finnst mikilsverðir en gerir minna úr eða sleppir öðrum. Hann metur suma þætti sem jákvæða og aðra neikvæða, með orðalagi getur hann lýst vanþóknun sinni eða velpóknun, hann getur valið að horfa til skammtíma eða langtíma. Þessi afstaða stafar af ýmsu, að sumu leyti af því sem kalla mætti tíðaranda, þ.e. ráðandi gildum, áhugamálum og smekk hvers tíma og staðar, en einnig af persónulegum sjónarmiðum höfundarins. Nýjar heimildir og rannsóknir geta varpað nýju ljósi á málefnið og breytt viðhorfum. Þó skal gæta að því að rannsóknirnar eru undir sömu sök seldar, þ.e. að þær byggjast einnig á sjónarhornum, enn fremur að rannsóknir beinast að þeim þáttum sem tíðarandi og rannsakendur hafa áhuga á en horfa fram hjá öðrum þáttum.

Þó að áhrif tíðarandans á skilning okkar og viðhorf til sögunnar séu viðurkennd er engu að síður hægt að renna mismunandi góðum stoðum undir sagnaritunina. Hver fullyrðing þarf rökstuðning og sjálfsagt er að draga hana í efa. Lokaniðurstaða um sumar fullyrðingar og túlkanir getur verið „það er ekki vitað“ eða „meiri vitneskju er þörf“ eða „um það má deila“ eða „þetta hljómar ekki sannfærandi“. Þetta er það sem kallað er gagnrýnin hugsun.

Kennari verður að meta hvort ungir nemendur geta meðtekið og brætt með sér þá gagnrýnu hugsun sem felst í þessum kafla. Ekki er ætlunin að rugla nemendur algerlega í ríminu né að efla til deilna og ófriðar. Með góðri umhugsun og undirbúningi er þó ekki fráleitt að sumum geti þetta orðið að nokkru gagni. Fyrsta skrefið er að tryggja að allir nemendur geti lesið og skilið kaflann sjálfan.





## Spurningar og verkefni

- 1. Vann Kólumbus afrek? Hvað segir í hverjum hluta um það?**
  - A. Já, „mikið afrek“, hann stækkaði heiminn o.fl.
  - B. Nei, ekki afrek heldur framdi þjóðarmorð sem rétt væri að biðjast afsökunar á.
  - C. Ekkert merkilegt. Einhver annar hefði getað siglt til Ameríku.
- 2. Hvernig er konungshjónunum á Spáni, sem studdu Kólumbus, lýst í hverjum hluta fyrir sig?**
  - A. Að þau hafi verið glöð yfir sameiningu Spánar.
  - B. Að þau hafi sigrað Mára, rekið gyðinga og múslima úr landi og hafi styrkt Kólumbus „í gleði sinni og græðgi“.
  - C. Ekkert er talað um konungshjónin.
- 3. Hvaða frásögn er hugsuð frá sjónarhorni ...**
  - A. Kólumbusar og Evrópumanna?
  - B. indíánanna?
  - C. utanaðkomandi?
- 4. Hvernig er fjallað um sjúkdómana sem fylgdu með Evrópumönnum?**
  - A. Ekkert er talað um þá.
  - B. Milljónir manna féllu „vegna sjúkdóma sem Evrópumenn báru með sér“ (= þeim að kenna?).
  - C. Sjúkdómarnir fóru illa með þá innfæddu en það var óhjákvæmilegt.
- 5. Hvað er sagt um kristna trú í köflunum þrem?**
  - A. Að Evrópumenn hafi breitt kristni út „í stað grimmilegra trúarbragða heiðingjanna“.
  - B. Að kristniboðið hafi verið „hreint yfirskin og látalæti“.
  - C. Að Evrópumenn hafi neytt „betri siðum“ upp á indíánana.
- 6. Getið þið séð einhvern boðskap eða áróður í hverjum hluta fyrir sig? Er hægt að orða hann í einni setningu?**

Hér gætu svörin einfaldlega verið heitin á undirköflunum (hugrakkur sæfari, gráðugur landvinningamaður, barn síns tíma) en þetta má hugsa og orða á ýmsa vegu, t.d.:

  - A. Kólumbus var flottur og stækkaði heiminn.
  - B. Kólumbus var gráðugur og eyðilagði líf indíánanna.
  - C. Heimurinn var að tengjast og Kólumbus var bara það í þeirri atburðarás.





## 7. Semjið nýja frásögn af Kólumbusi eftir því sem þið vitið og ykkur finnst réttast.

Þetta getur verið hvort sem er einstaklings- eða hópverkefni. Gott getur verið að biðja nemendur fyrst að ákveða hvaða efnisatriði eigi að vera með. Á eftir væri mjög heppilegt að bera frásagnirnar saman, gera athugasemdir og rökræða.

### Ítarefni

Margt er til af efni um Kólumbus, þar á meðal þetta á íslensku:

- Kristófer Kólumbus. *Leiðarbækur úr fyrstu siglingunni til Indíalanda 1492–1493*. Sigurður Hjartarson þýddi, ritaði formála og samdi skýringar. Reykjavík, Mál og menning, 1992.
- François Lambert. *Fræknir landkönnuðir. Kristófer Kólumbus. Hélt hann hefði fundið Kína og Indland*. Reykjavík, Fjölvi, 1981.
- Duncan Castlereagh. *Landafundirnir miklu*. Íslensk þýðing Steindór Steindórsson frá Hlöðum, umsjón með íslensku útgáfunni Hákon Tryggvason og Örnólfur Thorlacius. Reykjavík, Örn og Örlygur, 1975.
- Einar Hreinsson. „Renndi Kólumbus blint í sjóinn?“ *Sagnir*, 1992, 13, bls. 38–43.

Um svipaða aðferð og hér er beitt, þ.e. að efla gagnrýna hugsun með því að kanna mismunandi frásagnir af Kólumbusi, hefur verið fjallað fræðilega og tilraunum lýst. Tvær fyrstu greinarnar eru í tímaritum sem má lesa á <http://hvar.is>

- James V. Hoffman. „Critical Reading/Thinking Across the Curriculum: Using I-Charts to Support Learning.“ *Language Arts*. Urbana, febr. 1992, 69, 2, bls. 121–28.
- William Bigelow. Discovering Columbus. Rereading the Past. *Language Arts*. Urbana, okt. 1989, 66. árg., 6. tbl., bls. 635–644.
- Steven Stahl, Cynthia R. Hynd o.fl. „In Fourteen Hundred and Ninety-Two, Columbus Sailed the Ocean Blue.“ Effects of Multiple Document Readings on Student Attitudes and Misconceptions.“ *Reading Research Report No. 82*. National Reading Research Center, Athens, GA., National Reading Research Center, College Park, MD. [http://eric.ed.gov/ERICDocs/data/ericdocs2sql/content\\_storage\\_01/0000019b/80/16/63/0d.pdf](http://eric.ed.gov/ERICDocs/data/ericdocs2sql/content_storage_01/0000019b/80/16/63/0d.pdf)

Í bókinni *Hvað er sagnfræði?* sem kom út 2008 eru nokkrar greinar sem varpa ljósi á þær hugleiðingar sem hér eru á kreiki, t.d. þessi grein:

- Guðmundur Jónsson. „Er sagan bara sjónarhorn? Spurningar um hlutlægni í sagnfræði.“ *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun*. Reykjavík, Skrudda, 2008, bls. 58–72.





## Markmið

### Nemandi

- geti rætt um það sem líkt er og ólíkt með skáldskap og sannsögu.
- geti sagt í stuttu máli um hvað skáldverkin Guðdómlegi gleðileikurinn og Don Kíkóti fjalla um.
- þekki deili á höfundum skáldverkanna, Dante og Cervantes.
- geri sér grein fyrir mikilvægi og vanda þýðinga fyrir mannlíf og menningu á Íslandi.
- hafi nokkra mynd af endurreisninni í Evrópu sem Dante og Cervantes eru fulltrúar fyrir.

## Kennsla

Hér í lokin er óvenjulegt efni í sögukennslubók því hér er sagt frá skáldskap frá miðöldum. Venjan er að í sögu og sagnfræði eigi allt að vera sannsögulegt en bókmenntakennslan (í þessu tilviki íslenska eða móðurmál) sjái um skáldskapinn. Þetta eru hins vegar tilbúin landamæri því fagurbókmenntir eru mikilsverð heimild og vitnisburður um liðna tíma. Þennan vitnisburð þarf hins vegar að nýta með réttu hugarfari. Til dæmis er frásögn Dantes af ferðalaginu til heljar ekki lýsing á raunverulegu ferðalagi í líkingu við það sem Ibn Battúta eða Markó Póló fóru og lýstu en hún getur sagt margt um *hugmyndir* manna um helvíti (og himnaríki). Sagan um Don Kíkóta gefur fjölskrúðuga lýsingu á mannlífi á Spáni á 16. Öld. Á sama hátt má segja að Bjartur í Sumarhúsum sé tákmynd um ákveðið hugarfar Íslendinga (og raunar fleiri) á 20. öld þó að þessi sami Bjartur hafi aldrei verið til.

Kaflinn gegnir auk þess því hlutverki að gefa smjörþefinn af þeirri miklu menningarstarfsemi og hugmyndadeiglu sem þreifst við Miðjarðarhafið á miðöldum og þó einkum á endurreisnar-tímanum. Kennarinn getur því farið t.d. þessa leið:

1. Lesið kaflann með nemendum vegna þess að ýmislegt getur verið torskilið í honum.
2. Fjallað um endurreisnina, sýnt myndir af listaverkum, a.m.k. Mónu Lísu en líka sýnt verk spænskra meistara á borð við El Greco og Velazquez. Nóg er af myndefni á Netinu.
3. Sýnt dæmi um áhrif þessara tveggja verka eftir Dante og Cervantes. Þetta má gera með myndasýningum. Auðvelt er að finna myndir á Netinu.
4. Haft íslenskar þýðingar verkanna (sjá ítarefni) til taks.
5. Látið nemendur búa til myndverk við sögurnar með hliðsjón af öðrum myndum.

## Spurningar og verkefni

### 1. Að hvaða leyti er síðasti kaflinn í bókinni öðruvísi en hinir?

Hann segir frá skálduðum atburðum en í hinum köflunum er sagt frá atburðum sem álitnið er að hafi átt sér stað.





## 2. Hvað er líkt með síðasta kaflanum og hinum köflunum?

- Í öllum köflunum er sagt frá gleði og sorgum, hættum og hamingju, atvikum og aðstæðum sem við getum sett okkur inn í og borið saman við það sem við þekkjum, velt vöngum og reynt að læra af því sem við kynnumst.
- Allt eru þetta frásagnir af því sem er fjarlæggt. Við erum sem sé ekki á staðnum, tökum ekki beinan þátt í því sem gerist.

## 3. Er allt skrök og plat sem sagt er frá í skáldsögum eða bíómyndum?

Svarið er nei og ástæðurnar eru m.a. þessar:

- Stundum gera höfundar ítarlegar rannsóknir og kannanir til að segja sem sannast frá. Skáldsögur sem eru af þessu tagi eru stundum kallaðar heimildaskáldsögur.
- Skáldverk koma úr huga manna sem lifa á ákveðnum tíma við aðstæður í mannheimum og spinna sögur sínar úr þessum efnivið. Hlýtur ekki að vera sannleikskorn í þeim?
- Í skálduðum sögum er því oft lýst sem er venjulega ósýnilegt og dulið í hugsunum, tilfinningum og draumum. Þannig eru *Palli var einn í heiminum* og sögurnar um Línu langsokk lýsing á því sem börn ímynda sér og finnst spennandi en líka óttalegt – að spjara sig einn í heiminum. Er ekki sannleikskorn í slíkum skáldskap?

## 4. Er allt dagsatt sem sagt er frá í kennslubókum í sögu?

Nei, þó að höfundar reyni að segja sem sannast og best frá. Ástæðurnar eru m.a. þessar:

- Heimildir fyrir sumum atriðum eru ótraustar, t.d. að Guðríður Þorbjarnardóttir hafi farið til Rómar.
- Ekki er hægt að segja frá nema litlu broti af því sem átt hefur sér stað í heiminum vegna þess að heimildir eru takmarkaðar. Úr því sem mögulegt er að segja frá velja höfundar lítið brot.
- Í sögukennslubókunum eru gefnar skýringar á því sem gerist, sagt frá orsökum og afleiðingum, hlutir bornir saman o.s.frv. Margt af þessu er umdeilt og nýjar skýringar koma sífellt fram.
- Í kennslubókum í sögu er búinn til þráður í frásögnina, sumu er lýst á jákvæðan hátt og öðru á neikvæðan, sumt er dregið fram og lítið gert úr öðru. Þetta er ekki ósvipað því sem er í skáldsögum þó að það sé yfirleitt ekki eins áberandi og augljóst í sögukennslubókunum.

## 5. Hvaða áhrif hefur það á ykkur þegar kemur skilti fremst eða aftast í bíómynd sem segir: „Þessi kvikmynd byggist á raunverulegum atburðum“ ?

Þessi spurning er sett fram til að vekja umræður og skoðanaskipti.



6. Hvað segja sögurnar um Dante og Don Kíkóta okkur um miðaldir?

Margt og mikið og meðal annars þetta:

- a. Það voru til rithöfundar á miðöldum sem enn eru lesnir.
- b. Hugmyndir um himnaríki og helvíti voru ofarlega í hugum sumra.
- c. Menn leituðu fyrirmynda og samanburðar í löngu liðnum tíma. Dante fjallaði t.d. um hetjur og skúrka fornaldar og Don Kíkóti í sögu Cervantes reyndi að endurlífga riddaratímann.

7. Skoðið myndir sem gerðar hafa verið við skáldverkin sem fjallað er um í kaflanum. Hvað segja þær um Dante og Don Kíkóta?

8. Kynnið ykkur íslensku skáldin sem þýddu verkin sem fjallað er um í kaflanum. Þetta eru Guðmundur Böðvarsson, sem þýddi valda kafla úr *Guðdómlega gleðileikum*, og Guðbergur Bergsson sem þýddi alla skáldsöguna um Don Kíkóta.

## Ítarefni

Dante Alighieri. *Tólf kviður úr Gleðileikum guðdómlega La Divina commedia*. Guðmundur Böðvarsson íslenskaði. Myndir eftir Sandro Botticelli. Reykjavík, Menningarsjóður, 1968.

Cervantes Saavedra, Miguel de. *Don Kíkóti*. Um hugvitssama riddarann Don Kíkóta frá Mancha. Þýðing og formáli Guðbergur Bergsson, myndir Gustave Doré. Ný útg., endurskoðuð. Reykjavík, JPV útgáfa, 2002–2003. Kiljuútgáfa kom 2006.

Á Netinu er nóg myndefni að finna með leitarorðum á borð við *Dante Divina Comedia (Inferno)* annars vegar, hins vegar með *Don Quichotte (eða Quixote eða Quijote)*. Sérstaklega skal bent á teikningar Botticelli (lok 15. aldar) og málverk Williams Blake (um 1800) við kvæðabálk Dantes.